

Nd.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um launamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., um verðbætur á laun skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili. Verðbótavísitala samkvæmt 48. gr. til 52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabil frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.

Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf, eða nokkrar starfstengdar greiðslur, skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarféлага og til allra annarra vinnusamninga, til kjaradóma og úrskurða í málum opinberra starfsmanna, svo og til launareglugerða og launasamþykkt allra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina.

2. gr.

Laun í maí 1983 samkvæmt þágildandi kjarasamningum og lögum, það er grunnlaun að viðbættum verðbótum samkvæmt verðbótavísitölu, er gildi tók 1. mars 1983, teljast grunnlaun við upphaf gildistíma þessara laga.

Laun þessi skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983, þó skulu lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt gildandi ákvæðum í kjarasamningum aðildarféлага Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hækka um 10% hinn 1. júní 1983. Laun og lágmarkstekjur samkvæmt þessari málsgrein skulu síðan hækka um 4% hinn 1. október 1983.

Frekari hækkun launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þessarar greinar er óheimil á tímabilinu frá 25. maí 1983 til 31. janúar 1984, hvort sem um hana er samið fyrir eða eftir gildistöku þessara laga. Ákvæði þetta tekur þó ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum, sem komnar eru í framkvæmd fyrir gildistöku þessara laga.

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein, og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslíð 2. málsgreinar 1. greinar, til 31. janúar 1984.

3. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal

BRÁÐABIRGÐALÖG

um launamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í stjórnarsáttmála flokkanna, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar viðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað til þess að draga úr verðbólgu, tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjófðarbusins út á við, og vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að rjúfa sjálfvirkan víxlgang verðlags og launa til þess að sporna við þeirri háskalegu verðbólguþróun sem við blasi að óbreyttu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., um verðbætur á laun skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili. Verðbótavísitala samkvæmt 48. gr. til 52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabil frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.

Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf, eða nokkrar starfstengdar greiðslur, skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarféлага og til allra annarra vinnusamninga, til kjaradóma og úrskurða í málum opinberra starfsmanna, svo og til launareglugerða og launasamþykktu allra fyrirtækja, stofnana og starfsgreina.

2. gr.

Laun í maí 1983 samkvæmt þágildandi kjarasamningum og lögum, það er grunnlaun að viðbættum verðbótum samkvæmt verðbótavísitölu, er gildi tók 1. mars 1983, teljast grunnlaun við upphaf gildistíma þessara laga.

Laun þessi skulu hækka um 8% hinn 1. júní 1983, þó skulu lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt gildandi ákvæðum í kjarasamningum aðildarféлага Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hækka um 10% hinn 1. júní 1983. Laun og lágmarkstekjur samkvæmt þessari málsgrein skulu síðan hækka um 4% hinn 1. október 1983.

Frekari hækkun launa eða annarra greiðslna, samanber 2. málsgrein 1. greinar, en greinir í 2. málsgrein þessarar greinar er óheimil á tímabilinu frá 25. maí 1983 til 31. janúar 1984, hvort sem um hana er samið fyrir eða eftir gildistöku þessara laga. Ákvæði þetta tekur þó

ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga, samkvæmt reglum, sem komnar eru í framkvæmd fyrir gildistöku þessara laga.

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. grein, og 1. til 3. málsgrein þessarar greinar, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, samanber 2. málslið 2. málsgreinar 1. greinar, til 31. janúar 1984.

3. gr.

Forsætisráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. maí 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.